



Lúxemborg 25. nóvember 2005

## Fréttatilkynning 06/2005

Dómur í máli E-1/05 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

EFTA ríki uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm, þar sem fram kemur að tiltekin ákvæði í norskrei váttryggingalöggjöf séu ósamrýmanleg skuldbindingum Noregs skv. EES-samningnum. Hin umdeildu ákvæði snérust um það skilyrði að váttryggingataka sé skylt að greiða kostnað við gerð líftryggingarsamninga strax við samningsgerð eða a.m.k. ekki seinna en við greiðslu fyrstu afborgunar tryggingariðgjalda.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Noregur hefði ekki fullnægt skyldum sínum í samkvæmt 33. gr. tilskipunar 2002/83/EB um líftryggingar með því að hafa áfram í gildi hin umdeildu skilyrði í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar frá 21. nóvember 1989 Nr. 1167 sbr. 10. gr. reglugerðar frá 22. september 1995 Nr. 827.

Eftirlitsstofnun EFTA hélt því fram að skilyrðið fæli í sér takmörkun á þjónustufrelsinu og tilskipun 2002/83/EB af þeirri ástæðu að það hindraði váttryggingataka í Noregi að gera samning við aðila á EES-svæðinu er bjóða fram líftryggingaþjónustu og dreifa þeim kostnaði yfir ákveðið tímabil. Ennfremur voru aðilar sem bjóða fram líftryggingaþjónustu í öðrum EES-ríkjum hindraðir í því að fara inn á norskan markað.

Norska ríkisstjórnin andmælti því ekki fyrir EFTA-dómstólnum að hið umdeilda skilyrði gæti jafngilt því að vera takmörkun. Hins vegar byggði norska ríkisstjórnin á því að skilyrðið væri hægt að réttlæta með vísan til almennra hagsmuna í samræmi við 33. gr. tilskipunar 2002/83/EB. Norska ríkisstjórnin byggði m.a. á því að hið umdeilda skilyrði væri nauðsynlegt þar sem markmið þess væri að gera váttryggingatökum kleift að yfirfæra líftryggingasamninga milli váttryggingarfyrirtækja með sem minnstum kostnaði. Í því sambandi benti norska ríkisstjórnin á það að fyrri framkvæmd sem fólst í því að kostnaði var dreift yfir langt tímabil hefði leitt til þess að neytendur hefðu þurft að greiða háan kostnað við yfirfærslu líftryggingarsamnings frá einu váttryggingarfyrirtæki til annars.

Dómstóllinn féllst ekki á röksemdir norsku ríkisstjórnarinnar. Hann komst að þeirri niðurstöðu að hið umdeilda skilyrði gæti hugsanlega stuðlað að því að neytendur væru meðvitaðri um þann kostnað sem felst í því að gera líftryggingarsamninga. Þannig gæti skilyrðið verið viðeigandi til þess að ná því markmiði sem að var stefnt, þ.e. neytendavernd. Hins vegar áleit EFTA-dómstóllinn að Noregur hefði í þeim efnum gengið lengra en þörf var á. Markmiðinu var hægt að ná án þess að takmarka þjónustufrelsið. Í því sambandi benti dómstóllinn á að eitt að markmiðum tilskipunar 2002/83/EB um líftryggingar væri að vernda neytendur með því að stuðla að því að þeir gætu valið á grundvelli upplýsinga. Að mati EFTA dómstólsins þá hefði til dæmis verið hægt að ná fram sama markmiði með ítarlegri upplýsingargjöf.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.